



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), þskj. 35, 35. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Í megindráttum styður skrifstofan frumvarpið og tekur undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu að þær glufur sem núgildandi löggjöf býður upp á fyrir gerendur hafa leitt til þess að börnum hefur ekki verið veitt viðhlítandi vörn gegn fullorðnum mönnum sem nota sér æsku þeirra, reynsluleysi, aðstöðu- og oft og tíðum þroskamun.

Í greinargerðinni er einnig réttilega bent á að samkvæmt í barnalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur hefur verið hér á landi, eru börn skilgreind sem einstaklingar undir 18 ára aldri og því skýtur skökku við að einstaklingum á aldrinum 15-17 ára er ekki veitt sú vernd sem löggjafanum ber að gera. Með núgildandi Rómeó og Júlíu ákvæði, sem ekki er lagt til að verði breytt, er svo tryggt að einstaklingar undir 18 ára aldri sem eiga í samþykktu kynferðissambandi á jafnræðisgrundvelli verði ekki sóttir til saka.

MRSÍ styður þó ekki að ákvæði 200. gr. hegningarlaga verði felld brott þar sem slík ráðstöfun myndi rýra rétt brotþola sífjaspella þar sem háttsemi sú sem ákvæðið tekur til, og gerir refsiverða, er óháð aldri brotþola og yrði frumvarpið að lögum óbreytt myndi háttsemin miðast við 18 ára aldur brotþola.

MRSÍ geldur enn fremur varhuga við að ákvæði 204. gr. laganna falli niður. Samkvæmt hegningarlögum er meginreglan sú að brot sé refsivert ef það er framið af ásetningi og því ekki hægt að refsa fyrir brot framin af gáleysi nema sérstök lagaheimild komi til.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri